

Nd.

125. Frumvarp

til laga um gerðardóm í brunabótamálum.

Flutningsm. : Jón Ólafsson, Magnús Blöndahl, Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Ágreining um það, hvort eða að hve miklu leyti og hvenær brunabótafélagi skuli skylt að greiða brunabætur, skal leggja í gerð, ef váttryggjandi krefst þess eða aðrir, sem öðlast hafa rétt hans til brunabótafjárins.

Í gerðardóminn kveður hvor málsaðila einn mann, en landsyferréttur

þrjá, og skal sá þeirra, sem landsyfirréttur jafnframt ákveður, vera oddviti gerðardómsins. Oddviti skal vera lögfróður maður.

2. gr.

Nú vill váttryggjandi leggja mál undir úrskurð gerðardóms og skal hann þá senda landsyfirrétti þrírtað kröfubréf um það, að gerðardómur sé skipaður, og taka skýrt fram, hvert málsefnið er. Jafnframt skal hann skýra frá því, hvern hann kveður í gerðardóminn af sinni hendi, og láta fylgja yfirlýsing þess manns um, að hann taki að sér starfa þenna. Enn fremur skal fylgja kröfubréfinu eftirrit af váttryggingarskirteininu, svo og 300 kr. til tryggingar greiðslu kostnaðar við gerðardóminn.

Landsyfirréttur skipar síðan menn í gerðardóminn samkvæmt 1. gr. og tilkynnir það þeim þeirra, sem skipaður er oddviti, og sendir honum jafnframt tryggingarféð og öll skjöl málsins að undanteknu einu eintaki kröfubréfsins, sem legst við skjalasafn landsyfirréttarins. Oddviti skal síðan tafarlaust senda stjórn brunabótafélagsins til þess staðar, þar sem váttryggingarskirteinið er gefið út, eitt eintak kröfubréfsins og skora á félagið að kveðja mann í gerðardóminn og senda sér tilkynning um það innan þriggja mánaða frá dagsetning áskorunarbréfsins. Áskorun þessi skal rituð á máli þess lands, þar sem váttryggingarskirteinið er gefið út. Nú hefir váttryggingarskirteini eigi verið gefið út af félaginu, heldur að eins bráðabirgðarskirteini útgefið af umboðsmanni félagsins og þar eigi tekið fram, hvar stjórn félagsins hafi aðsetur sitt, og má þá senda áskorunarbréfið til umboðsmannsins, sem undirritað hefir bráðabirgðarskirteinið.

Nú hefir oddviti eigi innan umgetins frests fengið tilkynning frá félaginu um það, hvern það kveðji í gerðardóminn, og skal hann þá kveðja til fundar hina aðra gerðardómsmenn, sem landsyfirréttur skipaði í gerðardóminn, og skipa þeir þrír þá mann í dóminn af hendi brunabótafélagsins. Ræður um það afl atkvæða.

3. gr.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Innan tveggja vikna frá því að gerðardómur er fullskipaður skal oddviti kveðja gerðardómsmenn til fundar með þeim fyrirvara, sem honum virðist hæfilegur og ákveður hann nánara fundarstaðinn, svo og hvenær fundinn skuli halda, en þeir gerðardómsmenn, sem kvaddir eru af hendi málsaðila, skulu hvor um sig sjá um, að sá málsaðili, sem kvaddi þá, fái vitneskju um fundinn, svo þeir geti gætt þar réttar síns.

Gerðardómurinn ákveður því næst sjálfur með atkvæðamagni, hvernig meðferð málsins skuli hagað.

4. gr.

Í gerðardómi ræður afl atkvæða úrslitum. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði oddvita.

Oddviti ritar gerðabók gerðardómsins.

5. gr.

Fyrir gerðardómi má leiða vitni og stýrir oddviti vitnaleiðslunni. Um

vitnastefnur, vitnaskyldu, vitnaleiðsluna sjálfa og hegningarábyrgð fyrir rangan framburð gilda sömu reglur sem um vitni fyrir hinum almennu dómstólum.

6. gr.

Úrskurð sinn skal gerðardómur kveða upp innan 10 vikna frá því að málið var tekið til úrskurðar að málfærslu lokinni.

Nú vanrækir gerðardómsmaður störf sín eða forföll banna honum að leysa þau af hendi, og geta þá hinir gerðardómsmenn — þó eigi færri en þrjú og þar af tveir útnefndir af yfirrétti — farið með málið og útkljáð það.

7. gr.

Í gerðardómnum skal það ákveðið, hve mikinn málskostnað skuli greiða, þar á meðal, hverja þóknun gerðardómsmenn skuli fá fyrir starf sitt, og hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila eða hvernig skuli skifta honum milli beggja málsaðila.

8. gr.

Gerðardómur, uppkveðinn samkvæmt lögum þessum, gildir skilyrðislaust fyrir báða aðila sem dómur, er ekki verður áfrýjað.

9. gr.

Að gerðardómi loknum afhendir oddviti gerðardóms dómsmálaritara landsyfirréttar gerðabók og málsskjöl. Dómsmálaritari gefur staðfest eftirrit af gerðabók og skjölum gegn venjulegri borgun.

10. gr.

Lög þessi gilda eigi um brunabætur fyrir tjón, sem hefir orðið eða verður fyrir árslok 1911.